

ÁRBORG– MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Október 2017

ÁRBORG– MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	1
Inngangur	5
Leikskólinn Árborg	5
Greining	6
Styrkleikar:	6
Tækifæri til umbóta:	6
Stjórnun - samantekt	8
Styrkleikar	8
Tækifæri til umbóta	8
Uppeldis og menntastarf.....	9
Styrkleikar	9
Tækifæri til umbóta	10
Mannauður	11
Styrkleikar	11
Tækifæri til umbóta	11
Leikskólabragur	12
Styrkleikar	12
Tækifæri til umbóta	12
Innra mat	13
Styrkleikar	13
Tækifæri til umbóta	13
Viðmiðaraminn	14

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Ásdís Olga Sigurðardóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Árborg sem fram fór í september 2017. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í september 2017 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 18.-22. september. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN ÁRBORG

Leikskólinn Árborg tók til starfa árið 1969 og er staðsettur við Hlaðbæ 17, 110 Reykjavík.

Í leikskólanum eru 3 deildir og 63 börn voru á leikskólanum í september 2017. Yngri börnin (1-3 ára) eru á Grænalandi og eldri börnin (3-6 ára) eru á Rauðalandi og Bláalandi.

Leikskólastjóri er Sigríður Þórðardóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Valgerður Anna Þórisdóttir.

STYRKLEIKAR:

Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu. Stefna leikskólans er skýrt fram sett í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

Í stefnu leikskólans kemur fram að lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólastarfinu. Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk í daglegu starfi. Samstarf starfsfólks einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.

Stjórnendateymi skipuleggur og samhæfir störf starfsfólks í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu.

Virkt samstarf er við aðila í grenndarsamfélaginu og er umhverfi leikskólans nýtt til þekkingarleitar.

Umhyggja einkennir samskipti við börn og eru börnin ánægð með marga þætti í leikskólastarfinu.

Börnunum líður vel í leikskólanum. Milli barnanna ríkir virðing og samkennd. Unnið er markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi.

Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð hverfis. Teymi er myndað um börn með alvarleg frávík.

Starfsfólki líður vel í vinnunni, er ánægt með starfsandann og samskiptin í leikskólanum. Foreldrar telja að barninu líði vel í leikskólanum og eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks.

Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.

Greinargerð um innra mat er birt á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA:

Leikskólastjóri sjái til þess að mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni barna og foreldra.

Stjórnendateymi tryggi að upplýsingum sé miðlað um leikskólastarfið. Litið verði á foreldra og börn sem samstarfsaðila. Starfsmannahandbók verði til á deildum og verði uppfærð reglulega.

Námsleiðir henti vel þörfum og færni hvers barns og börnum verði gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins og á viðfangsefni skipulagðra stunda.

Leitað verði eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær. Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu. Einstaklingsnámskrár verði gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning.

Áætlun verði gerð á námi og velferð barna og stjórnendur sjái til þess að mat á framförum barna sé hluti af leikskólastarfinu. Fjölbreytt gögn verði lögð til grundvallar mati á námi og stöðu barna og að matið byggi á samvinnu leikskóla og foreldra. Börn fái að setja sér markmið og meta sitt eigið nám.

Skráningar verði nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim.

Að áherslur aðalnámskrár og skólanámskrár endurspeglar í starfinu.

Leiðbeinendur á deildum fái reglulega endurgjöf og leiðsögn. Í vinnu og viðhorfum starfsfólks komi fram að það hefur trú á getu og hæfni allra barna. Áherslur og gildi sem leikskólinn stendur fyrir endurspeglar í verkum og viðhorfum starfsfólks. Starfsfólk verði lausnarmiðað í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku og nýti fjölbreyttar leiðir til samskipta. Upplýsingum verði miðlað til foreldra með reglubundnum og fjölbreyttum hætti. Fundir foreldraráðs verði boðaðir með dagskrá og fundargerðir verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Að öll markmið skólanámskrárinnar verði metin markvisst og fjallað verði um um þær leiðir sem leikskólinn fer við að meta í skólanámskrá. Áætlun um innra mat verði gerð nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) og fjölbreyttar aðferðir verði notaðar við gagnaöflun. Starfsfólk leikskólans tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.

Við öflun gagna verði leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem eiga hlut að máli. Í greinargerð um innra mat verði greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Umbótaáætlun verði í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir.

Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Árborgar í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í leikskólastarfi.

STJÓRNUN - SAMANTEKT

Í viðmiðum um stjórnun er fjallað um stjórnandann sem faglegan leiðtoga, stjórnun leikskólans og daglegan rekstur, faglegt samstarf, leikskólaþróun og símenntun, skólanámsskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.

STYRKLEIKAR

- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu
- Stefna leikskólans birtist á heimasíðu leikskólans
- Stefna leikskólans er skýrt fram sett
- Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi
- Stjórnendateymi skipuleggur og samhæfir störf starfsfólks í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu
- Forgangsröðun í nýtingu fjármagns tekur mið af stefnu leikskólans og Reykjavíkurborgar
- Leikskólinn er rekinn fyrir það fjármagn sem honum er úthlutað
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er farið eftir lögbundnu ráðningaferli
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er gætt að vanhæfni til meðferðar máls vegna ættingja eða tengdra aðila
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin árlega
- Niðurstöður starfsþróunarsamtala eru skráðar og þeim fylgt eftir
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál og slysavarnir
- Í stefnu leikskólans kemur fram að lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólastarfinu
- Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila
- Sett er upp áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi sem nær til alls starfsfólks
- Samráð er milli leikskólans og grunnskóla í hverfinu um skipulagsdaga
- Virkt samstarf er við aðila í grenndarsamfélaginu
- Leikskólastjóri heldur skrá yfir símenntun og þekkingu einstakra starfsmanna
- Leikskólastjóri hefur forgöngu um reglulega endurskoðun á skólanámsskrá
- Skólanámsskrá er birt á heimasíðu leikskólans
- Skólanámsskrá er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar
- Starfsáætlun er birt á heimasíðu leikskólans
- Áfallateymi og áætlun um viðbrögð við áföllum er til
- Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Leikskólastjóri sjái til þess að mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni barna og foreldra
- Stjórnendateymi tryggi að upplýsingum sé miðlað um leikskólastarfið
- Leikskólastjóri leggi áherslu á sérstöðu leikskólans og áherslur í uppeldis – og menntastarfi þegar hann kynnir leikskólann

- Stjórnendateymi fylgist með námi og starfi í leikskólanum og veiti starfsfólki endurgjöf
- Stjórnendateymi skipuleggi og samhæfi störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna varðandi sérfræðipjónustu
- Unnið verði eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna
- Allt starfsfólk undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu
- Persónuupplýsingar verði varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum
- Formlegir fundir verði boðaðir með dagskrá og fundargerðir verðir ritaðar og aðgengilegar
- Litið verði á foreldra og börn sem samstarfsaðila
- Starfsfólk taki þátt í gerð skólanámskrár og samráð verði haft við börn og foreldra eftir því sem við á
- Starfsáætlun verði unnin árlega með þátttöku aðila skólasamfélagsins
- Starfsáætlun verði lögð fyrir foreldraráð til umsagnar
- Starfsmannahandbók verði til á deildum og verði uppfærð reglulega
- Verklagsreglur um viðbrögð við slysum liggi fyrir og verði aðgengilegar öllum
- Unnið verði eftir verklagsreglum og viðbrögðum við slysum
- Öryggis- og rýmingaráætlun verði gerð aðgengileg öllu starfsfólki
- Starfsfólk fái kynningu á verklagsreglum barnaverndarnefndar
- Þróunar og/eða umbótaáætlun byggji á stefnu leikskólans og innra og/eða ytra mati á starfinu
- Símenntunaráætlun endurspegli áherslur leikskólans sem birtast í skólanámskrá
- Samræmi verði á milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans
- Stjórnendur sjái til þess að mat á framförum barna sé hluti af leikskólastarfinu

UPPELDIS OG MENNTASTARF

Í viðmiðum um uppeldis og menntastarf er fjallað um skipulag náms og námsaðstæður, uppeldi, menntun og starfshætti, leik og nám (lýðræði, jafnrétti og þáttöku barna), námssvið leikskólans, leikskóli án aðgreiningar og mat á námi og velferð barna.

STYRKLEIKAR

- Rými er til að veita sérfræðipjónustu
- Umhverfi leikskólans er nýtt til þekkingarleitar
- Unnið er markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi
- Leikskólasérkennarar, þroskaþjálfar eða starfsfólk með sambærilega menntun starfar innan leikskólans
- Teymi er myndað um börn með alvarleg frávík
- Stöðufundir sérfræðinga, stuðningsaðila og foreldra eru haldnir reglulega
- Samstarf og samvinna er við sérfræðinga/sérfræðipjónustu utan leikskólans
- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð hverfis
- Starfsfólk hefur svigrúm til að sinna skráningum og mati

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Efniviður endurspegli margbreytileika mannlífsins
- Skipulögð viðfangsefni og leikur taki mið af hæfileikum og námsþörfum barna
- Starfsfólk nýti daglegar athafnir til náms og samskipta
- Starfsfólk bregðist við og nýti viðbrögð og áhuga barna
- Námsleiðir henti vel þörfum og færni hvers barns
- Starfsfólk leiðbeini og taki þátt í leik barna þegar það á við
- Starfsfólk hafi yfirsýn og gætir þess að hvert barn fái að njóta sín
- Börnum verði gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins
- Að börnin fái að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda
- Börn séu hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum
- Leitað verði eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær
- Börn komi reglulega að mati á leikskólastarfi
- Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu
- Fjölbreyttar aðferðir verði farnar til að fá fram sjónarmið barna
- Jafnrétti og jöfn hlutdeild allra barna birtist í starfi á deildum
- Unnið verði markvisst í sköpun í leikskólanum og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi.
- Í sköpun verði lögð áhersla á ferlið fremur en afurðina
- Unnið verði markvisst með heimamenningu barna
- Einstaklingsnámskrár verði gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning
- Einstaklingsnámskrár verði endurskoðaðar reglulega
- Foreldrar komi að gerð og endurmati á einstaklingsnámskrá barnsins
- Starfsfólk fái upplýsingar og stuðning til að fylgja markmiðum einstaklingsnámskráa
- Farið verði eftir ákveðnum verkferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni
- Verkferlar vegna sérfræðiþjónstu verði skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum
- Mati, úrræðum og verkefnum verði fylgt eftir með skipulögðum hætti
- Áætlun um mat á námi og velferð barna verði gerð
- Reglulegar skráningar verði gerðar á framförum allra barna
- Viðurkenndar matsaðferðir og skimanir verði notaðar þegar við á
- Mat á hæfni, námi og velferð barna taki til margra þátta
- Fjölbreytt gögn verði lögð til grundvallar mati á námi og stöðu barna
- Mat á námi og stöðu barna byggist á samvinnu leikskóla og foreldra
- Aðferðir sem notaðar eru til að meta nám og stöðu barna verði endurmetnar reglulega
- Börn taki þátt í að meta nám sitt
- Börn fái tækifæri til að setja sér markmið
- Börn fái tækifæri til að koma með tillögur að leiðum í eigin námi
- Skráningar verði nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim
- Skráningar verði varðveittar með skipulögðum hætti
- Starfsfólk fái leiðbeiningar og stuðning við gagnasöfnun og skráningu

MANNAUÐUR

Í viðmiðum um mannauð er fjallað um hlutverk leikskólakennara, fagmennsku starfsfólks og starfsánægju.

STYRKLEIKAR

- Starfsfólk sækir símenntun
- Deildarfundir eru haldnir reglulega og viðfangsefni þeirra eru börnin, nám þeirra og staða
- Starfsfólki líður vel í vinnunni
- Starfsfólk er ánægt með starfsandann í leikskólanum
- Starfsfólk er ánægt með samskipti í leikskólanum
- Starfsfólk telur að jafnræðis og jafnréttis sé gætt

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Að áherslur aðalnámskrár og skólanámskrár endurspeglar í starfinu
- Leiðbeinendur á deildum fá reglulega endurgjöf og leiðsögn
- Leikskólakennarar veita foreldrum ráðgjöf og fræðslu þegar við á
- Faglegur metnaður einkenni starf á deildum
- Hugmyndum um nýjungar á starfsháttum verði vel tekið

LEIKSKÓLABRAGUR

Í viðmiðum um leikskólabrag er fjallað um viðmót og menningu, velferð og líðan barna, þátttöku foreldra í leikskólastarfi, upplýsingamiðlun og viðhorf foreldra.

STYRKLEIKAR

- Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og notalegt
- Gagnkvæm virðing og traust ríkir á milli allra
- Kurteisi, virðing og umhyggja einkennir samskipti
- Starfsfólk er samhent í starfi
- Börnunum líður vel í leikskólanum
- Milli barnanna ríkir virðing og samkennd
- Allir foreldrar fá bæklinginn „Velkomin til samstarfs“ við upphaf leikskólagöngu barna sinna
- Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans
- Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl
- Túlkaþjónusta er notuð í foreldrasamtölum þegar við á
- Heimasíða leikskólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar
- Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum eru á heimasíðu leikskólans
- Fulltrúar í foreldraráði eru valdir af sínum hópi
- Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans
- Foreldrum finnst komið til móts við réttindi barns síns
- Foreldrar telja að barninu líði vel í leikskólanum
- Aðbúnaður barna er góður að mati foreldra
- Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks
- Foreldrum finnst þeir velkomnir í leikskólann
- Spurningum foreldra er svarað greiðlega af starfsfólki

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Í vinnu og viðhorfum starfsfólks komi fram að það hefur trú á getu og hæfni allra barna
- Áherslur og gildi sem leikskólinn stendur fyrir endurspeglar í verkum og viðhorfum starfsfólks
- Börn verði þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við
- Að starfsfólk ræði og samræmi hvernig brugðist sé við krefjandi hegðun barna
- Foreldrar verði hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess
- Foreldrum verði gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum
- Starfsfólk verði lausnarmiðað í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku og nýti fjölbreyttar leiðir til samskipta
- Upplýsingum verði miðlað til foreldra með reglubundnum og fjölbreyttum hætti
- Foreldraráð fundi reglulega og setji sér starfsáætlun og vinnureglur
- Fundir foreldraráðs verði boðaðir með dagskrá og fundargerðir verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

INNRA MAT

Í viðmiðum um innra mat er fjallað um skipulag og viðfangsefni, gagnaöflun og vinnubrögð og opinbera birtingu og umbætur.

STYRKLEIKAR

- Greinargerð um innra mat eru birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti
- Umbótaáætlun er tímasett og skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum
- Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Áætlun um innra mat verði gerð nokkur ár fram í timann (3-5 ár)
- Áætlun um innra mat á skólaárinu liggja fyrir
- Að mat á starfsháttum fari fram reglulega
- Mat og ígrundun leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum verði liður í daglegu starfi þeirra
- Í skólanámskrá verði fjallað um hvernig markmið leikskólans eru metin
- Að öll markmið skólanámskrárinnar verði metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti
- Leiðir að markmiðum s.s verkefni, aðferðir, áætlanir og verkferlar verði hluti af innra mati
- Fyrir hvert markmið verði skilgreint viðmið um þann árangur sem stefnt er að
- Í greinargerð um innra mat verði fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst
- Fjölbreyttar aðferðir verði notaðar við gagnaöflun
- Gætt sé að því að innra mat byggji á margvíslegum gögnum
- Ganga verði aflað með aðferðum sem hæfa þeim hópum sem leitað er upplýsinga hjá
- Ef fyrir liggja niðurstöður úr ytra mati verði þær nýttar í innra matið
- Starfsfólk leikskólans tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsöröðun í innra mati
- Foreldraráð taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsöröðun innra mats
- Við öflun gagna verði leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem eiga hlut að máli
- Að samræður eigi sér stað meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur
- Í greinargerð um innra mat komi fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður
- Í greinargerð um innra mat verði greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Umbótaáætlunir verði birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti
- Umbótaáætlun verði í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Áætlanir um umbætur verði bornar undir foreldraráð og skóla og frístundasvið
- Í umbótaáætlun verði tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru
- Brugðist verði við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru
- Umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir
- Að starfsfólk og foreldrar geti á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hefur leitt til

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólasterfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verlag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verlag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verlag.